

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 22. júní 1988

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/622/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi veltigrindur á landbúnaðardráttarvélum á hjólum (kyrrstöðuprófun)

(88/413/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars
1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðar-
viðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum⁽¹⁾, eins
og henni var síðast breytt með tilskipun 88/297/EBE⁽²⁾,
einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilliti til fenginnar reynslu er nú unnt að gera ýmis
ákvæði tilskipunar ráðsins 79/622/EBE⁽³⁾, eins og henni
var síðast breytt með tilskipun 87/354/EBE⁽⁴⁾, nákvæmari
og ítarlegri.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í
samræmi við álit nefnd er sér um að aðlaga, í samræmi við
tækniframfarir, tilskipanir um að ryðja úr vegi tæknilegum
hindrunum á viðskiptum með landbúnaðardráttarvélar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á III. og IV. við-
auka tilskipunar 79/622/EBE í samræmi við viðauka þess-
arar tilskipunar.

2. gr.

1. Frá 1. október 1988 er aðildarríkjunum:

- óheimilt að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu
fyrir gerðir dráttarvéla eða neita að gefa út skjal sem
um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar

74/150/EBE eða að veita innlenda gerðarviðurkenn-
ingu, eða

— banna að dráttarvélar séu teknar í notkun;

ef veltigrindur þessarar gerðar dráttarvélar eða dráttarvéla
eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Frá 1. október 1989 er aðildarríkjunum:

— óheimilt að gefa út skjal sem um getur í síðasta undirlið
1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE vegna gerðar
dráttarvélar ef veltigrindur hennar eru ekki í samræmi
við ákvæði þessarar tilskipunar;

— heimilt að neita að veita innlenda gerðarviðurkenningu
fyrir gerð dráttarvélar ef veltigrindur hennar er ekki í
samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

3. gr.

Aðildarríkjunum ber að samþykkja nauðsynleg ákvæði til
að framfylgja tilskipun þessari eigi síðar en 30. septem-
ber 1988. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það
þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júní 1988.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

COCKFIELD

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 126, 20. 5. 1988, bls. 52.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 179, 17. 7. 1979, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 192, 11. 7. 1987, bls. 43.

VIÐAUKI

Í stað orðanna í liðum 1.4. og 1.4.1. í III. viðauka við tilskipun 79/622/EBE komi eftirfarandi:

„1.4. Yfirálagsprófun (sjá myndir 4a, 4b og 4c í IV. viðauka)

1.4.1. Gera verður yfirálagsprófun ef krafturinn minnkar um meira en 3% við síðustu 5% sveigjunnar, fari nauðsynleg orka í grindina (sjá mynd 4b)“.

Í stað orðanna í neðanmálgrein 1.2. við mynd 4c í IV. viðauka við tilskipun 79/622/EBE komi eftirfarandi:

„ef bF^1 er minna en $0.97 F^1$ skal gera yfirálagsprófun“.
